

# Fundur Uppsveita og Flóa um nýja skóla- og velferðarþjónustu

haldinn í fjarfundabúnaði þriðjudaginn 7. febrúar 2023 kl. 8:00.

## Mætt:

*Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri Hrunamannahrepps*

*Jón Bjarnason oddviti Hrunamannahrepps*

*Hulda Kristjánsdóttir sveitarstjóri Flóahrepps*

*Árni Eiríksson oddviti Flóahrepps*

*Ása Valdís Árnadóttir oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps*

*Iðá Marsibil Jónsdóttir sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps*

*Ásta Stefánsdóttir sveitarstjóri Bláskógabyggðar*

*Helgi Kjartansson oddviti Bláskógabyggðar*

*Haraldur Þór Jónsson oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps boðaði forföll*

*Bjarni H. Ásbjörnsson varaoddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps*

*Á fundinn mættu að auki Bryndís Gunnlaugsdóttir og Freyja Sigurgeirsdóttir frá KPMG*

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir.

## 1. Félagssamningur Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

Bryndís Gunnlaugsdóttir frá KPMG fór yfir drög að breytingum á félagssamningi Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. (áður nefndar samþykktir).

Stjórn þarf að ræða og ákveða eftirfarandi atriði sem koma fram í samningi:

-Verður stjórn byggðasamlagsins einnig fagnefnd?

-Skoða þarf hvernig kostnaðarskipting verkefnisins verður nákvæmlega.

-Skoða þarf grein 11 og ákveða hvort eigi að breyta henni með tilliti til þess að starfsstöð byggðasamlagsins verður í öðru sveitarfélagi en núverandi umsjónarsveitarfélagi.

-Ræða hvort greiða eigi laun fyrir stjórnarsetu? Ef stjórn verður fagnefnd á þá á að greiða laun?

Ákveðið að taka umræðu um félagssamninginn á fundi sem stjórn á síðar í dag 7. febrúar 2023.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl.08:55.